

Annar fundur starfshóps um þróun leikskólastarfs Odda bs 25.6. 2024 (fjarfundur)

Á fundi:

Guðbjörg Matthíasdóttir	Fulltrúi fyrir starfsmenn á Laugalandi
Hrafnhildur Andrésdóttir	fulltrúi starfsmanna í Heklukoti
Ingigerður Stefánsdóttir	leikskólastjóri í Heklukoti
Ingvar Pétur Guðbjörnsson	fulltrúi fyrir Odda
Ísleifur Jónasson	fulltrúi fyrir Odda
Jón Valgeirsson	sveitarstjóri
Kolbrún Hrönn Sigurbórsdóttir	fulltrúi fyrir foreldra á Laugalandi
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir	fulltrúi Odda bs
Sigrún Björk Benediktsdóttir	Leikskólastjóri á Laugalandi
Sólrún Helga Guðmundsdóttir	fulltrúi foreldra í Heklukoti
Valtýr Valtýsson	sveitarstjóri
Ingvar Sigurgeirsson	verkefnisstjóri verkefnisins

Ingvar gerði grein fyrir gagnasöfnun og að borist hefðu tillögur til skoðunar frá Guðbjörgu og Sigrúnu Björk (sjá viðhengi).

Sigrún og Guðbjörg gerðu grein fyrir hugmyndum þetta og þær voru ræddar, sem og fleira.

Meðal þess sem fram kom var þetta:

- Margir lýstu jákvæðum viðhorfum til þeirra hugmynda sem þær Sigrún og Guðbjörg lýstu.
- Skoða þarf áhrif kjarasamninga á þær tillögur sem fram verða settar.
- Verið er að endurskoða starfsmannastefnu og skoða þarf hvernig hún tengist tillögum um aðgerðir í leikskólamálum. Í mörgum tilvikum þurfi að líta til þess að ákveðnar ráðstafanir sem varða starfskjör hljóti jafnframt að ná til annarra starfsmanna sveitarfélagsins.
- Ef fella á niður leikskólagjöld starfsfólks þarf það að miðast við að þeir séu að vinna 80-100%.
- Gerð var grein fyrir niðurstöðum könnunar meðal foreldra á Hellu, sem sýnir að talsverð sátt var um skerðingu á þjónustu milli jóla og nýárs.
- Fram hefur komið að foreldrar á Hellu hafa áhuga á sveigjanlegum vistunartíma.
- Skoða þarf stuðning við starfsnám.
- Æskilegt er að koma til móts við starfsfólk með annað móðurmál en íslensku um íslenskunám.
- Áriðandi er að þær aðgerðir, sem ráðist verður í, stórskerði ekki þjónustu. Meðal annars þurfi að skoða aðstæður einstæðra foreldra.
- Æskilegt er að kanna viðhorf foreldra í þeim sveitarfélögum sem skert hafa þjónustu milli jóla og nýárs og í dymbilviku.
- Skoða þarf möguleika á á stytta dvalartíma á föstudögum.
- Vandí hefur skapast vegna þess að margir foreldrar hafa lagt áherslu á 8 tíma vistun sem þeir hafa síðan ekki nýtt sér.
- Hugsanleg hækkun heimgreiðslna, en þær ættu að miðast við yngstu börnin.
- Þó heimgreiðslur séu góður kostur verði að horfa til þess að æskilegt er að sem flestir séu á vinnumarkaði.

- Rætt var um skattlagningu heimgreiðslna, sem líklega eru ekki skattskyldar.
- Reynslan af breytingu í leikskólamállum í Kópavogi var skoðuð, efn hún þykir mjög jákvæð (sjá hér: https://padlet.com/ingvarsigurgeirsson/adgerdir_i_leikskolamalum)
- Allar tillögur þarf að kostnaðarmeta.

Ingvar mun setja þær hugmyndir sem fram hafa komið á lista og nefndarfolk mun síðan taka afstöðu til þeirra (könnun). Síðar verður skoðað hvort viðhorfakönnun verður einnig lögð fyrir foreldra.¹

Þá var ákveðið var að kanna hvernig skerðing á opnunartíma hefur mælst fyrir hjá foreldrum í þeim sveitarfélögum þar sem þettahefur verið gert.

Næsti fundur verður haldin í ágúst – en þá liggja fyrir niðurstöður könnunar.

¹ Væntanlega kemur líka til greina að gera könnun meðal starfsfólks leikskóla.